

Jákvæða Jóna og sálfræðingarnir (grein í DV 2. apríl 1997)

Í mannlífinu er það hollráð að segja kost og löst af góðum hug og hlýju hjarta. Það er sömuleiðis skynsamlegt að lofa fremur en lasta. Mér blandast yfirleitt ekki hugur um, að snöggum fegurra væri um að litast í mannheimum, væru þessar reglur í heiðri hafðar. Það er raunar lífskúnt að beita þeim. Þessa lífskúnt kann Jóna. Hún skrifaði bréf til okkar, sálfræðinga, í DV hér á dögum. Mig grunar raunar, að hún gæti kennt stéttinni, sem hún hleður lofi, ýmislegt þroskavænlegt um mannleg samskipti. Sannast nú, að laun heimsins eru vanþakklæti.

Breytt tilhögun skólamála í landinu hefur m.a. haft í för með sér, að sálfræðingar hröktust á brott í hópum með þeim afleiðingum, að sálfræðipjónusta skólanna er horfin til fortíðar. Í skólakerfinu t.d. hafa sálfræðingar guðað á glugga og boðið þekkingu sína til kaups. Þeir eru óvíða aufúsugestir hins opinbera.

Heilbrigðiskerfið til að mynda hefur engan beina að bjóða, enda þótt ljóst sé, að þeir, sem leita ásjár lækna með heilsufarslegar áhyggjur sínar, ganga ekki heilir til skógar sökum sálarkauna í festum tilvika. Þeir ganga því oft bónleiðir til búðar. En köll almennings og annarra neytenda þjónustu sálfræðinga verða stöðugt háværari. Sálfræðinga er greinilega þörf. Skynsamir skólastjórar í Reykjavík mæla í þessu efni manna heilastir. Þeir óska liðsinnis stéttarinnar, en tjá henni jafnframt háttvíslega, að hún skyldi einnig hugsa sinn gang, grandskoða hæfi sína og temja sér hófsemi við mat eigin getu. Það er að sönnu hollt hverri stétt.

Áðurgreindur tilvistarvandi sálfræðinga er þó ekki með öllu illur. Sálfræðingar fara nú fjöld undir feld og hugsa sinn gang eins og Þorgeir þjóðarinnar forðum. Erum við í jarðsambandi, spyrja þeir? Ugglaut skriður stéttin þróttmikil og vígreif undan feldinum og þess albúin að svar kalli þínu, góði bréfitari. Henni er mikilvægt að eiga velunnara sem þig. Bestu þakkir fyrir bréf þitt. Ég vona innilega, að úr forsjármálum fjölskyldu þinnar rætist og sálfræðingum auðnist að leggja þar til mála af góðu viti.